


Fornleifakönnun í Hvolstúni



Guðrún Alda Gísladóttir og Howell M. Roberts


Fornleifastofnun Íslands
FS250-04211
Reykjavík 2004



Mynd á forsíðu. Rúst RA-255:050. Horft til NNA

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Þann 27. september 2004 grófu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands prufuskurð í þúst sem einkennd er sem RA-255:250¹ skv. beiðni skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbings eystra. Þúst þessi er á fyrirhuguðu byggingarsvæði í Hvolstúni, norðan og austan núverandi byggðar.



Mynd 1. Staðsetning þústarinnar RA-255:050, á fyrirhuguðu byggingarsvæði. Þústin er sýnd rauð á kortinu.


¹ Skv. skýrslu Guðrúnar Öldu Gísladóttur. *Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni* (Skýrsla FS232-04012). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004.

Í bréfi frá Fornleifavernd ríkisins, dagsettu 8. september 2004 segir:²

Er það mat fornleifaverndar ríkisins að í tilfelli óþekkту rústarinnar RA-255:050 er nauðsynlegt að ganga úr skugga um hverskonar þúst er að ræða, hvort hún sé náttúruleg eða af mannavöldum og þá hvers kyns mannvirki um er að ræða. Það er því nauðsynlegt áður en framkvæmdir hefjast á svæðinu að fornleifafræðingar grafi könnunarskurð í þústina. Að því loknu yrði svo metið hvort óhætt sé að láta hana víkja, hvort frekari rannsóknar er þörf eða hvort friðlýsa beri staðinn.

Markmið með greftri prufuskurðarins var því að ganga úr skugga um hvers eðlis þúst þessi er, þ.e.a.s. hvort hún sé náttúruleg eða af mannavöldum og ef hægt er að sjá um hvers kyns mannvirki er að ræða.

Þúst þessi er í Hvolstúni (túni Stórólshvols) og er að kalla hringlaga, mest u.þ.b. 32 metrar í þvermál og er áberandi í sléttuðu túninu. Við fyrstu sýn minnir þústin einna



² Agnes Stefánsdóttir. *Deiliskipulag Hvolstúns, II. áfangi, Hvolsvelli* (bréf dagsett 8. september 2004, stílað á Rúnar Guðmundsson [byggingar-og skipulagsfulltrúa Rangárþings eystra], Hlíðarvegi 16 á Hvolsvelli. Afrit sent til Mjallar Snæsdóttur fornleifafræðings á Fornleifastofnun Íslands).

helst á gerði með afar signum veggjum, svo gefin sé hugmynd um útlit þústarinnar.

Framkvæmd


Handgrafin var einn, 1 x 5 metra langur skurður yfir bunguna að norðanverðu, þar sem hún var einna skýrust.

Mesta dýpt skurðarins varð u.þ.b. 1,5 m. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst, með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Rústin var mæld upp með alstöð, og skipulags-og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins útvegaði kort af svæðinu.

Eftirfarandi jarðlög voru grafin upp. Teikning af sniðinu er á næstu síðu.

Jarðlög (context)	Lýsing
[1]	Yfirborðslag. Einstaka brennt bein (< 1%)
[2]	Grófkornað svart gjóskulag. U.þ.b. 5 sm þykkt að meðaltali
[3]	Flekkótt lag. Fín svört gjóska og óhreyfð ljósbrún mold. Mest 1 sm þykkt.
[4]	Ljósbrúnt lag, tæplega 40 sm þykkt af nánast óhreyfðum jarðvegi. Líklega fokmold.
[5]	Hreyft lag með gjósku- og torfflekkjum, einstaka kolamolun (< 1%) og mjög illa varðveittum beinaleifum (< 1%). U.þ.b. 35 sm þykkt
[6]	Fylling í skurði [7]. Samanþjappað gráleitt lag með járnútfellingum, gjóskuflekkjum og lífrænum leifum (mjög illa varðveitt < 1%). U.þ.b. 45 sm þykkt
[7]	Skurður. Sker lög [8-15]
[8]	Hreyft lag með gjóskublettum e.t.v. landnámslagi
[9-15]	Óhreyfð lög. Foklög og gjóskulög til skiptis.

Hvolsvöllur, Hvolstún HVT04 Snið 1



Mynd 3. Sniðteikning af austurhlið þrúfuskurðarins. Sjá lýsingu jarðlaga [1-15] á fyrri síðu.

Niðurstöður

Ljóst er að sú þúst sem sést á yfirborði er ummerki um mannvirki. Einhverntíma hefur verið grafinn skurður [7], við utanverðan hringinn sem sést á yfirborðinu, í gegnum óhreyfð jarðlög [9-15]. Með tímanum fylltist skurðurinn [6] og þau jarðlög sem ofar eru [5-1] fylgja því landslagi sem skurðurinn og skurðbarmurinn móta, 0,8-1,5 m neðan við núverandi yfirborð Hvolstúns. Engar torfhleðslur, steinar eða neitt þvíumlíkt fundust við könnunina.



Mynd 4. Horft til austurs. Mælistikan er í botni skurðsins. Til hægri sést hvernig jarðlög [8-15] hafa verið skorin. Gjóskulag [2] er gráa línan ofarlega í sniðinu, og það sést ofan á flekkóttu lag [3] til vinstri



Mynd 5. Horft beint ofan í profuskurðinn.

Ekki er ljóst um hvers kyns mannvirki þetta er. Annaðhvort liggur skurðurinn í hring og hefur þá átt að afmarka hringlaga svæði í einhverjum tilgangi, eða að grafið hefur verið innan úr öllum hringnum. Hvort heldur sem er er erfitt að ímynda sér

hver tilgangurinn með slíkri framkvæmd gæti verið. Áþekk mannvirki – og jafn torskiljanleg – eru til á nokkrum stöðum, einkum í tónum stórbýla, t.d. á Nesi við Seltjörn og á Lundarbrekku í Bárðardal. Helst má geta þess til að ummerki af þessu tagi tengist ræktun en til þess að skera úr um það þyrfti frekari rannsóknir á staðnum, einkum jarðvegi og einkennum hans.